

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019101607/6.6.6.3

**Efni: Svar við fyrirspurn vegna veiðihúss  
í Ytra Fellslandi, F211771**

Með vísan til erindis þíns dags. 17. október sl. varðandi veiðihús í Ytra Fellslandi, tilkynnist hér með að erindið hefur verið áframsent til Dalabyggðar í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna þá heldur Þjóðskrá Íslands utan um fasteignaskrá. Skv. 2. mgr. 1. gr. skal skrá allar fasteignir í landinu. Ábyrgð á nýskráningu fasteigna, breytingu á þeim er afskráningu þeirra er á ábyrgð þess sveitarfélags sem fasteign tilheyrir og skv. 2. mgr. 19. gr. þá skal sveitarstjórn að jafnaði fela byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf til Þjóðskrár Íslands. Það er alveg skilgreint í lögum m.a. um skráningu og mat fasteigna hvað fasteign sé. Fasteign er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Það er ekki forsenda fyrir því að hugtakið fasteign sé uppfyllt að hún sé þinglýst hjá sýslumanni. Þessi fasteign sem er veiðihús, staðsett á jörðinni Ytra-Fellsland, er skráð í fasteignaskrá og af henni þarf að greiða fasteignagjöld eins og á við fjöldann allan af öðru eignum í sömu stöðu. Það er t.d. fjöldinn allur af sumarbústöðum sem hafa verið reistir á jörðum án þess að þinglýst hafi verið sérstökum lóðarleigusamningi undir þá. Það þýðir að sá sem reisir bústaðinn á í raun ekki bústaðinn lagalega séð þar sem bústaðurinn tilheyrir jörðinni. Viðkomandi hefur hins vegar tekið að sér að greiða gjöldin af bústaðnum. Þetta er fasteign og af henni þarf að greiða fasteignagjöld.


Sé þess óskað að breyta fyrirbyggjandi upplýsingum um fasteign þarf skráður eigandi að óska eftir þeirri breytingu hjá viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr. 14. gr. um skráningu og mat fasteigna og sbr. einnig 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Álagning fasteignagjalda er einnig í höndum sveitarfélaga, sbr. a-lið 1. mgr. 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og ber því að beina kröfum um endurgreiðslu fasteignagjalda til viðkomandi sveitarfélags.

**AFRIT**

Ef þú hins vegar sérð enn ástæðu til að óska eftir endurmati á fasteigninni þá getur þú nálgast viðeigandi umsókn um endurmat á heimasíðu Þjóðskrár Íslands [www.skra.is](http://www.skra.is), eyðublað nr. F-501.

F.h. Þjóðskrár Íslands




Þóður Þorsteinsson

Afrit sent til sveitarfélags Dalabyggðar.

Afrit

6.6.6.3

Málal:	
Málsnr:	2019101607
Mótt:	22 okt. 2019
Ab:	RT
 ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS	

R

Lögfræðistofa Reykjavíkur

Þjóðskrá Íslands  
 • fasteignamat  
 Borgartúni 21  
 105 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2019


**Efni: Veðiðhús í Ytra Fellslandi, fastanúmer 211-7710.**

Ég undirritaður lögmaður hef verið skipaður skiptastjóri dánarbús Sverris Sch Thorsteinsson, kt. 180628-4369, sem lést þann 8. september 2018, sbr. meðfylgjandi úrskurður Héraðsdóms Austurlands frá 19.02.2019 í máli D-1/2019. Meðal eigna dánarbúsins er veðiðhús í Ytra Fellslandi á Fellsströnd í Dalabyggð nr. 137768. Um er að ræða lóðarlaust hús sem telst vera óvisthæft með öllu og landeigendur vilja að verði fjarlæggt af jörðinni Ytra Fellslandi.

Farið fram að endurskoðun á fasteignaskráningu og/eða fasteignamati veðiðhússins með fastanúmerið 211-7710, svo langt aftur sem nokkur kostur er. Rökin fyrir þeirri beiðni eru þau að um er að ræða lóðarlaust hús sem ekki telst vera fasteign í skilningi 3. gr. laga 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Veðiðhúsið hefur aldrei verið skráð í veðmálabækur sýslumannsins og mun ekki verða skráð af þessari sömu ástæðu að það lóðarlaust.

Þá er krafist endurgreiðslu á álögðum og greiddum fasteignagjöldum vegna veðiðhússins í Ytra Fellslandi á Fellsströnd í Dalabyggð, fastanúmerið 211-7710, af sömu ástæðu eða allt að fjögur ár aftur í tíman, auk vaxta, allt sbr. ákvæði laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda nr. 29/1995.

Vanti frekari upplýsingar þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofu mína.

Virðingarfyllt  
  
 Jóhannes Albert Sævarsson hrl.

Hjálagt:

- Úrsk. Héraðsdóms Austurlands í máli D-1/2019 og skipunarbréf dags. 19.02.2019.
- Gögn frá sýslumanninum í Búðardal varðandi veðiðhús nr. 137768, fnr. 211-7710.




Nr. 1 Lagt fram á  
skiptafundi 1913 2019

# HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS

Egilsstöðum 19. febrúar 2019

Efni: Mál nr. D 1/2019:

Meðfyljandi er skipunarbréf og gögn í ofangreindu máli.

  
Ólafur Ólafsson, héraðsdómari

Jóhannes Albert Sævarsson lögmaður  
Lögfræðistofu Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

Nr. / Lagt fram á  
skiptafundi *K113 2019*

Árið 2019, miðvikudaginn 13. febrúar, heldur Ólafur Ólafsson héraðsdómari  
dómþing Héraðsdóms Austurlands að Lyngási 15, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið málið nr. D-2/2019:

Krafa Þorsteins Scheving Torsteinsson um að db. Sverris  
Scheving Thorsteinsson verði tekið til opinberra skipta.

*(Lilja Jónasdóttir lögmaður)*

Lagt er fram:

Nr. 1. Krafa um opinber skipti, dags. 2. janúar 2019, ásamt þar til greindum  
skjölum nr. 2-5.

Nr. 6. Boðunarbréf héraðsdóms, dags. 14. janúar 2019.

Nr. 7. Staðfesting Póstsins um afhendingu ábyrgðarbréfa.

Svohljóðandi#

Af hálfu skiptabeiðanda sækir þing Stefán Þór Eyjólfsson lögmaður vegna  
Lilju Jónasdóttur lögmanns.

Ekki er sótt þing af hálfu erfingja og að kröfu nefnds lögmanns skiptabeiðanda  
er krafan tekin til úrskurðar, en hann áréttar að nægar eignir séu í búinu til greiðslu  
skiptakostnaðar.

Dómþingi slitið  
Ólafur Ólafsson

Vottur:  
Rannveig Árnadóttir

Árið 2019, þriðjudaginn 19. febrúar, heldur Ólafur Ólafsson héraðsdómari  
dómþing Héraðsdóms Austurlands að Lyngási 15, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið málið nr. D-2/2019:

Krafa Þorsteins Scheving Torsteinsson um að db. Sverris  
Scheving Thorsteinsson verði tekið til opinberra skipta.

*(Lilja Jónasdóttir lögmaður)*

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur úrskurður:

**Úrskurðarorð:**

Dánarbú Sverris Scheving Thorsteinsson, kt. 180628-4369, Vikurbraut 29, Höfn í Hornafirði, og lést þann 8. september 2018, er tekið til opinberra skipta.

Ólafur Ólafsson

Úrskurðurinn er kveðinn upp að aðilum fjarstöddum.

Dómari skipar Jóhannes Albert Sævarsson lögmann, lögfræðiskrifstofu Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sem skiptastjóra búsins, sbr. V. kafla laga nr. 20/1991.

Dómþing slitið.

Ólafur Ólafsson

Vottur:

Rannveig Árnadóttir.

*Rannveig*  
19.02.19

Nr. 36 Lagt fram á

skiptafundi 16.17.2019

**Myndsending frá embætti  
Sýslumannsins í Búðardal**

kt.570269-4889, Miðbraut 11, 370 Búðardal, s:4341400, fax:4341403

**Sendandi:** Anna Birna Þráinsdóttir sýslumaður

**Viðtakandi:** FMR - Borgarnesi

**Myndsendinginr.  
embættisins:** 4341403

**Myndsendinginr.  
viðtakanda:** 5155480


**Dags:** 2. júní 2005

**Blaðsíðufjöldi:**

Ytra-Fellsland veiðihús nr. 137768 – er ekki til í þinglýsingarbók

kveðja - AB

*Löðalígnun*



Heim Stillingar

Skoða notkun

Hjálp

Ytra Fellal, veiðihús 137768  
Dalabyggð

Fastanúmer	Merking	Notkun	Birt stærð	Eigendur	Kennitala
211-7710	01 0101	Sumarbústaður	33,1m <sup>2</sup>	Sverrir Scheving Thorsteinsson	180628-4369

Landnr	Lóðarnotkun	Greinitala	Eigendur	Kennitala
137768	Sumarbústaðaland	3811-07-00024002	Helgi H Steingrimsson	130344-3999
			Ytrafellsbúið hf	670891-1359
			Einar G Pétursson	250741-3839
			Hjálmar Waag Árnason	151150-2179
			Magnús Hinrik Guðjónsson	080654-4729
			Ása Valgerður Einarsdóttir	291153-4109
			Valgerður Guðmundsdóttir	030655-3389

Ath. eigendur birtast hér skv. gjaldendaskrá FMR

Til baka

Notandi: sysibud

<http://www2.fmr.is/landskra/?Mlval=landskraFast&fastnum=0&heinum=1046898>

02.06.2005





Möðlekid í dag ásamt samkeppni  
 til þinglesturs á næsta mánudag  
 fyrir Félagsvandabreytingu

Skrifstofa Dalavíðu, 3. öld. 1944

Jón A. Þórunn

Þinglyfi kr. 4.20 - fjárir 29.00  
 Vangspily kr. 2.50  
 Samt. kr. 6.70

## Ytra-Fellsland veiðihús – landnúmer 137768

Eignarheimildir:

Skjal A-361/1942: Lóðarsamningur, Sigbjörn Ármann o.fl. Skráð í registerbókina frá 1929 og líka bókina sem kom á undan spjöldunum.

Það er ekkert spjald til á þessa eign.

Inn í skjalabunka vegna frágangs á erfðamálum á Ytra-Felli fann ég skjal frá Önnu Birnu sýslumanni, sem hún hefur sent fasteignamati ríkisins um leið og hún sendi annað skjal vegna Ytra-Fellslands sumarhúss 137769 sem ekki var heldur til í þinglýsingarbók. Þar var svo stofnuð lóð A-242/2006. Bæði þessi skjöl eru svo í þessum frágangsbunka vegna Ytrafells. (Sendi skjalið í viðhengi)

Þetta „veiðihús“ var notað af Sverri Sch.Thorsteinsson eitthvað fram um 1980 held ég, fyrst sem veiðihús við Flekkudalsá, en síðan bara privat held ég eftir að Stangveiðifélag Akraness leigði Flekkudalsá, einhvern tímann fyrir 1966, þá var reist nýtt veiðihús af leigutökum sem enn er í fullri notkun.

---

Skjal A-361/1942:

SAMNINGUR Milli sýslumanns Þorsteins Þorsteinssonar að Búðardal, Dalasýslu og apotekara Þ.Sch.Thorsteinsson, útgerðarmanns Geir Thorsteinsson, Geir M.Zöega útgerðarm. og Sigbjörns Ármanns umboðsmanns allir búsettir í Reykjavík.

1. Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson heimilar ofangreindum mönnum sem allir eru aðilar að samningi dags. 28. júlí 1941 þinglesinn 12. ágúst sama ár um leigu á vatnasvæði Fiskiræktar og Veiðifjelags Fellsstrandar, að byggja veiðimannahús á hentugum stað og er staðurinn valinn að sunnan verðu og neðan við vaðið á Kjarlaksstaðaá í Ytrafellslandi. Stærð hússins má vera allt að 50 fermetra og heimilt skal síðar að stækka húsið eftir þörfum.
2. Húseigendur eða þeir sem þeir heimila afnot af því, skulu hafa óhindruð not af lóð í kringum húsið allt að 35 metra á hvern veg frá göflum þess og hliðum. Þeim eða gestum þeirra er heimil umferð um land jarðarinnar eftir því sem þörf krefur vegna veiðiafnota af ánni þó svo að þeir spilli ekki skógrækt túni skógi nje engjum með umferð sinni.
3. Heimilt er þeim fjelögum að girða áður umgetna lóð svo og að rækta hana sjer til ánægju og þrýðis bústað sínum. Af þessu ber leigusalinn Þorsteinn sýslumaður engan kostnað.
4. Lóðarleigan skal vera krónur fimtíu á ári og greiðast fyrsta dag júní mánaðar ár hvert í peningastofnun í Reykjavík. Leigutökum er heimilt að selja og veðsetja leigurjett sinn að lóðinni í heild ásamt húsum og mannvirkjum.

5. Lóðasamningur þessi er óuppsegjanlegur af hálfu landeiganda í fimmtíu ár. Húseigendum er heimilt að flytja húsið burtu hvenær sem þeir vilja ef ábúandi eða eigandi Ytrafells afsalar sjer kauprjetti eftir mati óvilhallra manna og fellur samningur þessi þá niður.

6. Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu ein taki.

Reykjavík 22/5 1942 Scheving Thorsteinsson Þorst. Þorsteinsson Sigbjörn Arm... Vottar: Andrés Eyjólfsson

Móttekið í dag ásamt samhljóða skjali til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Fellsstrandarhrepp Merkt nr. 361

Skrifstofu Dalasýslu, 3. okt. 1943. Þorst. Þorsteinsson